

Fundargerð

**262. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins haldinn á skrifstofu
slökkviliðsstjóra, Skógarhlíð 14,
föstudaginn 14. júní 2024, kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Einar Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Regína Ásvaldsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Halla Karen Kristjánsdóttir, Jón Viðar Matthíasson, Ingveldur Lára Þórðardóttir og Guðný Elísabet Ingadóttir.

Fundargerð ritaði: Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri.

1. **Árlegt mat á störfum stjórnar og slökkviliðsstjóra og framsetningu gagna - 2401012**

Innri endurskoðun SHS kynnir niðurstöður mats stjórnar á störfum sínum og slökkviliðsstjóra og framsetningu gagna til stjórnar.

Niðurstaða

Kynning.

Gestir

Guðjón Hlynur Guðmundsson, verkefnastjóri IER -
Ingunn Ólafsdóttir, starfandi innri endurskoðandi SHS -

2. **Nýr stofnsamningur SHS - 2305019**

Farið yfir drög að nýjum stofnsamningi SHS.

Niðurstaða

Kynning.

Gestir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - 00:00

3. **Traust til stofnana 2024 - 2403010**

Könnun Gallup á trausti til stofnana og embætta 2024 kynnt.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

4. Könnun um starfsemi slökkviliða - 2404010

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) lét gera könnun meðal slökkviliðsmanna og stjórnenda í byrjun árs um starfsemi slökkviliða á Íslandi. Niðurstöður kynntar.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

SHS 262 4.1 Könnun HMS - Slökkvilið á Íslandi - heild.pdf

SHS 262 4.2 Könnun HMS - Slökkvilið á Íslandi - SHS.pdf

5. Tillögur um meginforsendur fjárhagsáætlunar - 2405009

Frestað mál frá síðasta fundi.

Gerð grein fyrir tillögum um forsendur fjárhagsáætlunar.

Niðurstaða

Meginforsendur teknar til umræðu.

Fylgiskjöl

SHS 262 5.1 Minnisblað - Fjárhagsáætlun 2025, magnaukning.pdf

6. Framtíðaruppbygging SHS - 2405010

Farið yfir stöðu mála. Tillaga starfshóps fjármálastjóra aðildarsveitarfélaganna og SHS kynnt.

Niðurstaða

Slökkviliðsstjóra falið að skoða tímabundna staðsetningu sjúkrabifreiðar vestan Hringbrautar á álagstímum sem myndi bæta viðbragð í vesturhluta Reykjavíkur og á Seltjarnarnesi í samræmi við bókun bæjarstjóra Seltjarnarness á 255. fundi stjórnar í desember 2023.

7. Önnur mál 2024 - 2401014

7.1 EMT viðbragðssveit á Íslandi. Kynning.

7.2 Aðalfundur SHS 2024. Ákvörðun um dagsetningu.

Niðurstaða

7.1 Slökkviliðsstjóri haldi áfram samtali um þátttöku í verkefninu.

7.2 Aðalfundur SHS verður haldinn 4. október 2024 kl. 13 - 15.

Fundi slitið kl. 09:30.

Einar Þorsteinsson

Rósa Guðbjartsdóttir

Almar Guðmundsson

Ásdís Kristjánsdóttir

Þór Sigurgeirsson

Halla Karen Kristjánsdóttir

